



Stykkishólmsbær



Súgandisey

---

## LÝSING

Tillaga að deiliskipulagi

---

15.04.2021

Lýsingin var samþykkt í bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar þann

---

---

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar



umhverfismálum á Íslandi. Má þar nefna að Stykkishólshöfn er fyrsta höfnin á Íslandi til að hljóta Bláfána og bærinn hlaut viðurkenningu EDEN sem gæðaáfangastaður árið 2011.

Við gerð deiliskipulagsáætlunar verða umhverfismál og náttúruvernd höfð í fyrirrúmi. Það verður leiðbeinandi fyrir áframhaldandi hönnunarvinnu og leggja grunn að framtíðarsýn eyjarinnar. Skipulagið mun vera í samræmi við lög um vernd Breiðarfjarðar nr. 54/1995, verndaráætlun Breiðarfjarðar 2014-2019 og vera í samræmi við framkvæmdaáætlun Snæfellsness 2019-2023 sem varðar umhverfissvottun fimm sveitarfélaga á Snæfellsnesi skv. staðli Earth Check.

## Fyrirhugað deiliskipulag og markmið þess


**Megin markmið skipulagsins er tvíþætt, annars vegar að skapa ramma utanum svæði fyrir útivistarfólk til göngu- og náttúruupplifunar og hins vegar að tryggja öryggi sjófarenda með sjótengdum mannvirkjum. Skipulagið byggir á núverandi aðstæðum ásamt því að leggja línur um framtíð svæðisins.**

Rannsóknarmiðstöð ferðamála og Rannsóknasetur Háskóla Íslands framkvæmdi könnun sumarið 2018 fyrir Ferðamálastofu, þar sem meðal annars kemur fram að helsta ástæða fyrir komu erlendra ferðamanna til Stykkishólms, er staðsetning og fegurð bæjarins og nágrennis. Niðurstaða könnunarinnar var birt í skýrslu árið 2019: „*Erlendir ferðamenn í Stykkishólmi sumarið 2018 – Niðurstöður ferðavenjukönnunar*“. Í skýrslunni kemur fram að áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna í Stykkishólmi árið 2018 var um 235 þúsund og að útivist er vinsælasta afþreying erlendra ferðamanna í Stykkishólmi. Tæplega helmingur ferðamanna, sem tóku þátt í könnuninni, ætluðu í gönguferð á meðan á dvölinni stóð, um 25% ætluðu að fara í fuglaskoðun, 21% vildu smakka mat úr héraði, 13% ætluðu að heimsækja söfn og 11% ætluðu í bátsferð. Gera má ráð fyrir að nær allir ferðamenn sem sækja Stykkishólmi heim gangi upp á Súgandisey. Könnunin gefur það enn fremur sterklega til kynna að ferðamenn í Stykkishólmi sækjast eftir að skoða fugla frá landi.

Í eyjunni verpa þúfuttlingur og maríuerla reglulega og sum ár einnig t.d. hrafn. Frá eyjunni má með þolinmæði og sjónauka að vopni sjá flesta fugla fjarðarins og sé heppnin með getur sést til sela eða jafnvel hvala, einkum hnýðings, hnísu eða háhyrnings. Eyjan er umlukin klettabelti, þar sem finna má ýmsar saltþolnar plöntur og fallegar fléttur. T.d. er athyglisverður munur á tegundasamsetningu fléttna eftir því í hvaða átt klettarnir snúa. Skýrastur er sá munur á suðausturhorni eyjarinnar, þar sem öðru megin eru ljósleitar fléttur en hinum megin appelsínugular. Ofan á eyjunni sjálfri eru grös og starir ríkjandi, þótt finna megi ýmsar aðrar plöntur (*heimild: Náttúrustofa Vesturlands*).

Sumarið 2020 fór Stykkishólmsbær í samvinnu við Félag íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA) og auglýsti hönnunarsamkeppni um hönnun útsýnisstaðar á Súgandisey. Hönnunarsamkeppnin hlaut styrk árið 2020 frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Keppnin var haldin í samstarfi við Félag íslenskra landslagsarkitekta FÍLA og óskuðu 22 hönnunarteymi eftir því að taka þátt í samkeppninni. Í viðurvist votta voru fjögur teymi dregin út til að taka þátt í keppninni. Tillögur bárust frá öllum teymum til dómnefndar. Tillögurnar báru heitið Fjöreggið, Hólmurinn, Perlan og Stefnið. Það var ekki tilkynnt hver ætti hvaða tillögu fyrr en eftir að búið var að velja vinningstillöguna.

Fyrir valinu var **Fjöreggið**, sem er afskaplega fáuð hönnun. Í greinargerð vinningstillögunnar kemur fram að við hönnun hafi verið leitast við að finna jafnvægi á milli þess náttúrulega og manngerða, þar sem varfærni, virðing og auðmýkt gagnvart staðnum voru leiðarstef í hugmyndavinnu og lausn verkefnisins.



*Myndir úr vinningstillögu Fjöreggsins.*

Vinningstillagan var unnin af Glámu-Kím og Landslagi, í samstarfi við Ólöfu Nordal og Gunnar Karlsson. Vinningstillagan ásamt hinum tillögunum er mikilvægt innlegg inn í deiliskipulagsvinnuna sem framundan er. Deiliskipulagið mun þó taka sérstaklega mið af vinningstillögunni og þeirri hugmyndafræði og hönnun sem þar kemur fram. Í tillögunni segir: „Markmiðið var að hrófla við sem minnstu og bæta við sem fæstu. Þannig er notað efni sem fyrir er í eygni, bæði huglægt og efnislega. Unnið er með formgerð svæðisins, liti og tákni og vísan í gamlar sagnir og trú. Tillagan er þrískipt, Klofið við Stöngina, Fjöregg, og göngu- og útsýnisstaðir eyjunnar.“ Enn fremur segir í tillögunni: „Fyrst og fremst er Fjöreggið hugsað sem kennileiti fyrir Stykkishólm og sem glettinn, gamansamur og óvæntur áningarstaður til að njóta Súgandiseyjar og útsýnisins yfir Breiðaafjörð og eyjarnar. Fjöreggið sækir form sitt og tilurð í hið margbrotna fuglalíf Breiðaafjarðar þar sem nýtjar eggs og fugls voru fjöregg Breiðfirðinga

*Þannig að þar skorti aldrei mat. Í þjóðsögnum geymir fjöreggið lífið og gæfuna. Tröllin spiluðu djarft með fjöreggin sín og léku sér að því að henda þeim á milli sín þar til þau dóu bara út.*

*Við Breiðafjörðinn finnast egg og eggjaskurnir alls staðar þar sem farið er um sem myndbirting þess að hér hafi kviknað líf og að lífkeðjan sé enn órofin. Gæfan og lífið er fallvalt og viðkvæmt. Fjöreggið í Stykkishólmi vegur salt á egginni til áréttingar um að leika okkur ekki að fjöreggi náttúrunnar, heldur í fjöreggi náttúrunnar.“*

Varðandi efnisnotkun segir í tillögunni: „Fjöreggið verður steipt úr brons sem fær að taka á sig náttúrulega spanskgrænu þar sem litatónn og áferð ræðst af efnasamsetningu umhverfisins. Veggirnir eru þunnir sem skel með götum sem teikna flekki á eggjð eins og á eggjum sjófugla. Inni í forminu sjálfu verður samspil umhverfishljóða og sjávarlyktar, sólar og skugga.“

Í tillögunni er enn fremur lögð fram hugmynd að handriði og áningarstað við Klofið sunnan við Stöngina. Í tillögunni segir: „Sett verður upp handriði sem gefur gestum aðgang og tækifæri til að horfa niður eftir stuðlabergsveggjunum, ofan í sjóinn og inn í skoru í berginu þar sem sjá má fugla. Handriðið er í breytilegri fjarlægð frá bjargrún og gefur færi á að skoða Stöngina vel frá mörgum sjónarhornum. Það verður að einföldum handlista þar sem fjarlægð frá bjargbrún leyfir, en þéttara eins og lög og reglur segja til um, þegar því er komið fyrir úti á ystu brún bergsins. Þannig skapast öruggar aðstæður til að skoða bergdrangann og umhverfið, annað hvort með því að styðjast við grindverkið eða tylla sér í aðliggjandi grasbala. Teikning handriðsins er sótt í ölduhreyfingu hafs og grass. Handriðið verður úr svörtu smíðastáli sem ryðgar og er borað niður í bergið.“ Reikna má með að þessi útfærsla á handriði verður notuð á fleiri stöðum á eyjunni.

Varðandi stíga og útsýnisstaði segir: „Tillagan tekur mið af núverandi stígakerfi í Súgandisey. Mikilvægt er að hugsa alla eyjuna sem heildarupplifun og að á völdum stöðum við stígana verði áningarstaðir, með margskonar útsýni, hvort sem það er yfir bæinn, fjörðinn eða höfnina.“





Uppdráttur sýnir fyrirhugað skipulagssvæði, tillögu að staðsetningu áningarstaða, gönguleiða og handriða.

Í deiliskipulaginu verður lögð fram tillaga að legu göngustíga og áningarstaða innan skipulagssvæðis. Stuðst er meðal annars við rannsókn Umhverfisstofnunar, *Ferðahegðun við Súgandisey*, sem framkvæmd var í júlí 2020, við ákvörðun um legu göngustíga og áningarstaða. Búið er nú þegar að leggja megin stíga innan eyjunnar og gengið er út frá því að þeir haldi sér í tillögu deiliskipulags. Enn fremur er gert ráð fyrir að það verði bætt við minni stígum. Samanber rannsókn Umhverfisstofnunar, og rýni í gróðurslit vegna átroðnings, er augljós tilhneiging hjá fólki að ganga mjög nærri klettabrúnum. Hingað til hefur verið reynt að leiða fólk frá þeim, eins og núverandi göngustígakerfi ber glögg merki. Með notkun á handriði er hægt að koma til móts við þessa hegðun fólksins og færa gönguleiðir og áningarstaði nær brúnunum, en auka samtímis öryggi fólks og bæta náttúruupplifun þeirra.

## Tengsl deiliskipulagstillögu við aðrar skipulagsáætlanir og verndaráætlun

Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026 var staðfest af Skipulagsstofnun þann 24. mars 2015, sem samþykkt var í svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Snæfellsnesi þann 14. nóvember 2014. Svæðisskipulagið nær til sveitarfélaganna Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Stykkishólmsbæjar, Helgafellssveitar og Eyja- og Miklaholtshrepps. Í svæðisskipulaginu er meðal annars mörkuð stefna um staðaranda og gæði.

Aðalskipulag Stykkishólms 2002-2022 var staðfest af Umhverfisráðherra þann 9. 7. 2002. Í Aðalskipulagi er Súgandisey skilgreind sem óbyggð svæði. Í stefnu aðalskipulags er varðar óbyggð svæði kemur fram að óbyggð svæði eru meðfram strandlengjunni, Súgandisey og Heljarmýri auk þess sem holt meðfram þjóðveginum er skilið eftir til að skýla athafnasvæði.

Í aðalskipulagi er lögð áhersla á verndun og varðveislu gamla bæjarins í Stykkishólmi og umfjöllun um að landslag haldi sem mest einkennum sínum þar. Þá er sérstaklega hugsað til þess að takmarka landfyllingar í deiliskipulagsáætlunum og aðlögun nýrra framkvæmdaáforma að gamla bænum.

Þar sem ekki er mörkuð stefna um Súgandisey í aðalskipulagi sveitarfélagsins að öðru leiti en því að þar eigi að vera óbyggð svæði, er talin þörf á að fara í lýsingarferli deiliskipulags sbr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

#### **Deiliskipulag Súgandiseyjar styður við og verður í samræmi við ofangreindar skipulagsáætlanir.**

Í gildi eru lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Stærð svæðisins sem lögin ná til er um 20.000 ha. Súgandisey fellur undir lög um vernd Breiðafjarðar. Samkvæmt lögum skal Breiðafjarðarnefnd, í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög, láta gera verndaráætlun þar sem fram kemur hvernig ná skuli þeim markmiðum sem sett eru með vernd svæðisins. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 var staðfest af umhverfisráðherra fyrir árin 2015-2019. Í verndaráætluninni er lögð áhersla á ofangreinda þætti laganna þ.e. landslag, jarðmyndanir, lífríki og menningarminjar. **Deiliskipulag Súgandiseyjar mun taka tillit til verndaráætlunarinnar.**

## Áhrif áætlunar á samfélag og umhverfi

---

Deiliskipulagsáætlunin markar stefnu um framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. Viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, en svæðið nýtur verndar samkvæmt sérlögum, þ.e. lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Framkvæmdir innan verndarsvæðis geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Framkvæmdaraðila ber þá að tilkynna Skipulagsstofnun um hana, en stofnunin tilkynnir hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum þessum.

Breiðafjörður er á skrá Important Bird Areas IBA, sem stendur fyrir alþjóðleg mikilvæg fuglasvæði.

Samkvæmt kortagrunni frá Náttúrufræðistofnun Íslands er varðar Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi eru þrjár vistgerðir sem eru með mjög hátt eða miðlungs verndargildi á svæðinu. Þær eru Lyngmóavist á láglandi, Starungsmýravist og Stinnastaravist og eru þær á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Vistgerðakortið *Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslands* er unnið í mælikvarðanum 1:25.000 og er því ekki nákvæmt í öðrum mælikvarða t.d. í 1:2000. Lyngmóavist á láglandi er í norður og austur hlíðum eyjunnar. Starungsmýravist er á mjög afmörkuðum svæðum eins og litlum dældum og lautum. Stinnastaravist er í suður hlíðum eyjunnar.

Í lyngmóavist á láglendi er með miðlungs verndargildi. Í lyngmóavist á láglendi getur verið allríkulegt fuglalíf, algengustu varpfuglar eru þúfutittlingur, hrossagaukur, spói, heiðlóa, lóupræll og rjúpa. Lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Í starungsmýravist er með mjög hátt verndargildi. Í vistgerðinni getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundir eins og lóupræll, spói, þúfutittlingur, hrossagaukur, jaðrakan og stelkur nýti slíka vistgerð til varps.

Í stinnastaravist er með miðlungs verndargildi, vistgerðin er nýr flokkur, vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í stinnastaravist getur verið miðlungs ríkt fuglalíf og algengustu varpfuglar eru þúfutittlingur, spói, heiðlóa, hrossagaukur og lóupræll.

Á framkvæmdatíma skal taka sérstaklegt tillit til starungsmýravist og fuglalífs sem nýtir slíka vistgerðir til varps. Jarðraski sem fylgir framkvæmdum skal stillt í hóf eins og kostur er og ef landsár verða skal græða jafnóðum upp.

Brattar og háar hlíðar Súgandiseyjar eru með formfögnum stuðlabergsmyndunum. Berggrunnur eyjarinnar er basiskur, með ísúrt gosberg frá síð-tertiér tíma, um 3.3 milljón ára gamalt.

Fornleifaskráning var framkvæmd fyrir Stykkishólm, *Fornleifaskráning í Stykkishólmi*, höf. Ágústi Ólafur Georgssyni, 1987. Í Aðalskipulagi Stykkishólms eru minjar sem settar hafa verið í A-flokk, þ.e. minjar með mikið minjagildi þar sem friðun er æskilega, merktar inn á þéttbýlisuppdrátt. Engar friðlýstar fornminjar eða minjar í A, B eða C-flokki sbr. ofangreindri skráningu eru innan skipulagssvæðis.

Öll mannvirki sem eru 100 ára og eldri eru friðuð. Vitinn á eyjunni var reistur árið 1897 og er því friðaður vegna aldurs.

**Lögð verður áhersla á í skipulagsáætluninni að raska sem minnst landslagi, jarðmyndunum, lífríki og/eða menningarminjum á eyjunni. Samfélagsleg og hagræn áhrif skipulagsins verða jákvæð, þar sem uppbygging mun leiða af sér að fólk staldri við í sveitarfélaginu, öryggi fólks verði betur tryggt, upplifun verður jákvæðari og innihaldsríkari, og jákvætt orðspor svæðisins.**

## Skipulagsferli, kynning og samráð

Lýsing á skipulagstillögu verður kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum í apríl/maí 2021. Lýsingin mun verða auglýst með áberandi hætti og verður jafnframt aðgengileg á heimasíðu Stykkishólmarbæjar [www.stykkisholmur.is](http://www.stykkisholmur.is) og mun liggja frammi til sýnis á bæjarskrifstofu. Hagsmunaaðilum verður gefinn kostur á að koma með ábendingar í lýsingarferlinu. Óskað verður umsagnar lýsingar deiliskipulags hjá eftirfarandi stofnunum: Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofa Vesturlands, Umhverfisstofnun, Hafnarstjórn Stykkishólms hafnar og Vegagerðinni. Enn fremur verður óskað umsagnar Breiðafjarðarnefndar og Svæðisskipulagsnefndar sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi sem standa að Svæðisskipulagi Snæfellsness 2014-2026.



Gert er ráð fyrir að deiliskipulagstillaga Súgandiseyjar verði kynnt íbúum í júní 2021 og samþykkt í sveitarstjórn til auglýsingar í sama mánuði 2021. Að lokinni samþykkt skal sveitarstjórn senda tillöguna til umsagnar Skipulagsstofnunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna verður tillagan auglýst sbr. 41. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010. Reikna má með að deiliskipulagstillaga verði auglýst í ágúst. Auglýsingartími eru 6 vikur og gefst þá hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Deiliskipulagið tekur gildi þegar staðfesting skipulagsins hefur verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og má reikna með að það verði haustið 2021.